

**Nr. 18-116 S 073 Blikur****Vélarbilun og eldur**

IMO.nr. 9261994  
Útgerð: EIMSKIP  
Fánaríki: Antiqua Barbuda  
Smíðaður: 2003, stál  
Stærð: 4448 GT.  
Mesta lengd: 100,6 m  
Breidd: 19,11 m Djúprista: m  
Vél: MAK 4320 kw, 2002  
Fjöldi skipverja: 13



Blikur©RNSA

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2019 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 25. júní 2018 var flutningaskipið Blikur (tímaleiguskip hjá Eimskip) að koma til hafnar í Sundahöfn í Reykjavík. Veður: 7 m/sek.

Þegar verið var að beita skipinu í höfninni bilaði túrbína aðalvélar og eldur kviknaði út frá henni. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað á vettvang og slökkti eldinn.

Við skoðun kom í ljós að klæðning og einangrun á afgasröri frá túrbínu var illa brunnin. Öll skermuð flúorljós og annað plast fyrir ofan túrbínu hafði bráðnað út frá miklum hita auk þess sem loftið fyrir ofan aðalvélinu var svart af sóti.

Fjórir skipverjar voru í vélarúminu þegar þetta gerðist og voru þeir fluttir á sjúkrahús til skoðunar en reyndust ekki hafa fengið reykeitrún.

**Við rannsókn kom fram:**

- að aðalvélin stöðvaðist án þessa að nokkur viðvörðun kæmi frá viðvörðunarkerfi hennar;
- að túrbínan var af gerðinni *Napier 357*. Síðasta upptekt og leguskipti voru gerð 28. október 2016;
- að eftir voru 8.397 keyrslutímar til næstu upptektar (*general overhaul*) sem var gerð á 15.000 klst. fresti samkvæmt viðhaldsáætlun;
- að heildarkeyrslutími á þessari túrbínu var 63.891 klst.;

- að öxullinn á túrbínuhjólinu var brotinn og afgashjólið í mörgum þörtum (sjá mynd);
- að túrbínan var dæmd ónýtt og sett við uppgerð túrbína.



Afgashjólið í þörtum

***Nefndarálit:***

Orsök atviksins má að öllum líkindum rekja til þess að öxullinn í túrbínuhjólinu brotnaði.